

Education Policy Analysis -- 2004 Edition

Summary in Icelandic

Greining á menntunarstefnu – 2004 útgáfa

Útdráttur á íslensku

Kaflí 1 sækir aftur í þema sem fyrst var rannsakað af OECD fyrir um 30 árum og beinir ferskum sjónum að stöðu þeirra valkosta við hefðbundinn háskóla sem fyrir hendi eru innan menntakerfa á háskólastigi á landsvísu. Kaflí 2 dregur saman í flokka vinnu OECD við notkun UFT við kennslu, dregur af því nokkrar varúðarlexíur og bendir á nokkur skilyrði sem þörf er á til að fá meiri arð af fjárfestingum þjóðarinnar í UFT við kennslu. Kaflí 3 ræðir málefni sem hingað til hefur ekki verið fjallað um á kerfisbundinn hátt í menntunarvinnu OECD: það mikilvæga hlutverk sem skólar ættu að gegna við að leggja grunninn að skipulagi ævilangs náms á landsvísu. Að lokum opnar kaflí 4 ný svið með því að líta á sum þau stefnumál sem þarf að hafa í huga þegar skattastefna er notuð sem tæki til að efla ævilanga menntun. Heftið inniheldur viðauka sem dregur saman nýlega þróun í menntunarstefnu í OECD ríkjum.

Sótt aftur í valkosti við háskóla

Háskólar hafa ekki lengur einkaleyfi á framboði á menntun á háskólastigi. Í mörgum ríkjum er yfir þriðjungur skráninga á þessu stigi í aðrar gerðir stofnana, og í nokkrum er það meirihluti. Stofnanir, aðrar en háskólar, sem veita menntun á háskólastigi eru ákaflega breytilegar í eðli sínu, allt frá verkmenntaskólum sem bjóða upp á blöndu af námskeiðum á efra miðstigi og stutt nám á háskólastigi, til tækniskóla sem kenna fjögurra ára nám til útskriftargráðu. Samt hafa tvenn almenn tilmæli haft áhrif á vöxt slíkra stofnanna á OECD svæðinu. Hin fyrri eru að skapa aukarúm til að víkka út heildarframboð menntunar á háskólastigi. Hin seinni eru að auka fjölbreytni þess sem í boði er, hvað varðar til dæmis svið námskeiða, aðgengileika þeirra og nálægð tenginga við atvinnurekendur og hið víðara samfélag.

Stofnanir á háskólastigi sem veita menntun á háskólastigi **eru verulega mismunandi hvað varðar tilgang.** Sumar, eins og þýski *Fachhochschulen*, einbeita sér að því að veita verkmenntatengdar gráður. Aðrar, eins og félagsframhaldsskólar í Norður-Ameríku, kenna á fleiri stigum og með víðari tilgangi. Þrjár lykilstærðir þessa tilgangs eru:

- *Umfang verknámsstefnumörkunar.* Í mörgum ríkjum hafa stofnanir á háskólastigi þróast frá verkmennta- eða tækniskólum, og oft bjóða þær færri námskeið af almennu námsefni en háskólar, til dæmis í hugvísindum. Samt er verkefni sumra stofnanagerða einnig að hjálpa til við að bæta aðgang að háskólum, og í þeim tilvikum er verkmenntastefnan ekki eins allsráðandi. Með slíkum stofnunum teljast ekki aðeins fjölnotaskólarnir í Norður-Ameríku og Ástralíu, heldur einnig frönsku Instituts universitaires de technologie (IUTs), sem bjóða upp á staðlað tveggja ára réttindanám.
- *Menntunarstigið sem boðið er upp á.* Í enskumælandi ríkjum bjóða margar stofnanir upp á úrval námskeiða, frá framhaldsskólastigi til námskeiða með útskriftargráðu. Í mörgum þýskumælandi og norrænum ríkjum kenna stofnanir á háskólastigi aftur á móti aðallega framhaldsnámskeið sem jafngilda fyrstu háskólagráðu, og lægri stig menntunar fyrir fullorðna eru veitt annarsstaðar.
- *Samfélagsstefnumörkun.* Mörg ríki hafa nú net stofnana á háskólastigi sem eru fleiri en háskólarnir og þar af leiðandi dreifðari landfræðilega. Þetta bætir bæði staðbundið aðgengi og í sumum tilfellum þjónar það samfélaginu á annan hátt: til dæmis með því að framkvæma rannsóknir sem beint er að staðbundinni eða svæðisbundinni efnahagsþróun.

Peir sem bjóða upp á menntun á háskólastigi falla að heildarkerfi framboðsins á margvíslegan hátt. Stundum er hægt að greina skýrt á milli stofnana með ólíka stöðu, eins og í tvískiptu eða þrískiptu kerfi, en myndin getur orðið flóknari þegar gerðir námskeiða og réttinda í mismunandi flokkum stofnana skarast. Í sumum ríkjum, sérstaklega Þýskalandi og Finnlandi, leika stofnanir á háskólastigi lykilhlutverk í að knýja áfram útpenslu heildarframboðs á háskólastigi. Samt sem áður standa þær ekki alltaf einar þegar kemur að aukningu aðgangs, og í mörgum ríkjum er það mikilvægt hvernig þær tengjast háskólunum – þar með talin skilyrðin fyrir færslu milli stofnana.

Annar lykilþáttur í hlutverki stofnananna í kerfi sem er að þenjast út, er **tiltölulega lægri kostnaður á hvern nemanda í flestum ríkjum.** Í sumum ríkjum er hann ríflega helmingur af þeirri upphæð sem eytt er í háskólum. Þetta má skýra að hluta en ekki öllu leyti með mismunandi námsefni, og vekur upp spurningar um sanngirni námsframboðs. Í sumum, en ekki öllum ríkjum er að hluta til bætt fyrir þetta með þeirri staðreynd að nemendur í stofnunum á háskólastigi eru rukkaðir um lægri gjöld. Það þarf að hugsa betur um hvernig þróa eigi sanngjarna samsetningu kostnaðar- og gjalda í flóknu, sundurleitu kerfi menntunar á háskólastigi. Þetta vekur einnig upp umræður um gæði, þar með talið gæði kennslu, sem ætti yfirleitt að vera í brennidepli stofnana sem ekki stefna að rannsóknum, en sú umræða hefur í reynd fengið ónóga athygli. Bjóða stofnanir á háskólastigi, aðrar en háskólar, eitthvað fyrir peningana? Þetta er erfitt að reikna út frá fyrirbyggjandi gögnum, en vísbendingar sýna að arðsemi sé í besta falli óregluleg og sé afskaplega breytileg milli stofnana og námskeiða.

Þessir valkostir við háskóla munu örugglega leika stórt hlutverk í námsframboði á háskólastigi í framtíðinni. Samt **á eftir að ákveða nákvæmlega hlutverk þessara valkosta innan kerfisins**, þó að ýmis úrræði séu opin, hvort sem þeir verða líkari háskólunum eða leggi áherslu á hversu ólíkir þeir eru. Yfirvöld menntamála þurfa einnig að hugsa betur um hvaða hlutverki þau vilja að skólar aðrir en háskólar gegni í menntakerfi á háskólastigi.

Að fá arð af fjárfestingum í UFT til menntunar

Síðan á miðjum tíunda áratugnum, **hafa margir litið á upplýsinga- og fjarskiptatækni (UFT) sem óaðskiljanlegan hluta af úrræðum til að bæta kennslu og nám**. Þetta er metnaðarfyllra en fyrri notkun tölvu, til dæmis sem viðbótarhjálpartæki við kennslu eða til að draga úr kostnaði við kennslu. En virkar sú stefna að nota UFT til að breyta menntun? Hvaða fjárfestingar hafa verið gerðar, hvers konar arðsemi hafa þær skilað og hvaða hindranir eru eftir gagnvart áhrifaríkri dreifingu UFT?

Öll OECD ríki hafa farið mikinn í fjárfestingum í UFT í skólum, þrátt fyrir að búnaður sé enn mjög breytilegur milli ríkja. Árið 2003 var fjöldi 15 ára nemenda á hverja tölvu í mismunandi ríkjum á bilinu 3 til 25. Ekki er hægt að skýra þennan mismun á einfaldan hátt með mismiklu ríkidæmi eða almenns kostnaðar við menntun. Samt sem áður hafa flestir skólar nú aðgang að Internetinu, og þar sem aðgengi að tækni verður sífellt almennari, er athyglinni í auknum mæli beint að því hvernig hægt sé að samlaga UFT kennslu og námi, til þess að fá fram betri námsniðurstöður.

Þegar arðsemi fjárfestingar í UFT er metin verður að hafa í huga að UFT er hægt að nota til að bæta upplýsingastjórn innan skóla og til að auka UFT hæfileika nemenda, og einnig til að umbreyta kennslu og námi. Það fer eftir því hvort þessara markmiða er talið mikilvægt, hvaða breytingar verða á fjárfestingum í UFT, þannig að erfitt er að mæla heildararðsemina.

Ein vísending felst í því í hve miklum mæli nemendur nota tölvur. Í sumum ríkjum notar að minnsta kosti einn af hverjum þremur 15 ára nemendum tölvur í skólum sjaldnar en einu sinni í mánuði, þrátt fyrir að í nokkrum sé notkun orðin venja: tveir af hverjum þremur nemendum í Danmörku, Ungverjalandi og Bretlandi nota tölvur nokkrum sinnum í viku eða daglega. **Það er sláandi að magn fjárfestingar í búnaði er ekki góð forspá um hversu mikið hann verði notaður**, þrátt fyrir að ekki komi á óvart að í ríkjum með sérstaklega mikinn fjölda nemenda á hverja tölvu sé notkun undir meðallagi. Oftast nær nota nemendur tölvur ekki til að læra einhverja námspakka, heldur fyrir tölvupóst og ráp á Internetinu – en hvort tveggja getur haft menntunarlegt gildi. Reyndar virðist sem nemendum fækki sem nota sérstakan fræðsluhugbúnað.

Bætir UFT námsútkomu? Vísendingar um þetta eru ónákvæmar, þrátt fyrir að **sumar rannsóknir gefi til kynna að meiri notkun tækni geti bætt frammistöðu**. Mesti hugsanlegi ávinningurinn er fyrir þá sem verr gengur. Til uppörvunar má nefna að þeir skólar þar sem slíkum nemendum er safnað saman, eru að minnsta kosti jafn vel búnir tölvum og meðalskólinn, og í sumum ríkjum betur. Þetta er í mótsögn við útbreiðslu tölvu

á heimilum, sem styður stórlega við betur stæða nemendur: þannig geta skólar hjálpað til við að sporna við áhrifum stafræna klofningsins. Í skólum þar sem tölvur eru fáar hafa slakari nemendur samt sem áður tilhneigingu undir meðallagi til að nálgast þær, svo aðgangur innan skóla er mikilvægur.

Slakari nemendur eru jafnáhugasamir um að nota tölvur og aðrir nemendur, en hafa að meðaltali minna sjálfsöryggi. Engu að síður gefa vísbendingar úr ferilsrannsókn til kynna að **hægt sé að nota UFT á áhrifaríkan hátt til að auka áhuga nemenda og sjálfstraust í námi.**

Hindranirnar sem koma í veg fyrir að UFT gefi þær niðurstöður í skólum sem leitað er að, geta falið í sér skort á fullnægjandi efnislegum úrræðum, þar með talið skort á reglubundnum tæknilegum stuðningi og viðhaldi. Samt sem áður fela hindranirnar í sér, í grundvallaratriðum, hvernig nám í kennslustofum, skólum og menntakerfum er skipulagt. **Skólastjórar benda sérstaklega á fjórar fyrirstöður gegn því að þeir nái UFT uppbyggingarmarkmiðum sínum**, en hver þeirra hefur áhrif á að minnsta kosti 60% framhaldsskólanemenda í OECD:

- Erfiðleikar við að samlaga tölvur að kennslu í stofum.
- Vandamál við að skipuleggja nægan tölvutíma.
- Skortur á þekkingu kennara til að nota tölvur sem kennslutæki.
- Kennarar hafa ekki nægan tíma til að undirbúa kennslustundir þar sem notast er við tölvur.

Til að yfirstíga slíkar hindrandir verða kennarar að vera vel þjálfaðir og undirbúnir til að nota tölvur á árangursríkan hátt, en þetta er ekki nóg ef skipulagning skóla og uppeldisfræði haldast óbreytt. Vísbendingar úr ferilsrannsókn sýna að hvort sem UFT getur hrint af stað breytingum, eða er tæki sem auðveldar breytingum að eiga sér stað, þá verða að vera nánin samskipti milli notkunar tölva og annarra atriða í uppbyggingu skóla. Þar af leiðandi, rétt eins og í viðskiptum, verður möguleikum UFT aðeins hrint í framkvæmd ef kynning hennar er á skilvirkan hátt sameinuð annars konar nýbreytni.

Hversu vel stuðla skólar að símenntun?

Símenntun er hugtak sem var upprunalega notað um framhald menntunar umfram grunnmenntun. Það **táknar núna nálgun við nám gegnum lífið, þar með talið í skóla.** OECD hefur smíðað ramma fyrir símenntun sem inniheldur fjóra þætti. Hver þeirra hefur skírskotun til skólanáms:

- Skipulagt nám ætti að vera *kerfisbundið og samtengt*. Menntun í skóla ætti þar af leiðandi að vera tengd námi á öðrum stigum ævinnar.
- Nemandinn ætti að vera *miðpunktur námsferlisins*. Þetta er sérstaklega ögrandi krafa í skyldunámi.
- Það ætti að leggja áherslu á *hvötina til að læra* – önnur ögrandi krafa fyrir grunnmenntum, sem margir verða fráhverfir.
- Viðurkenna ætti *margþætt markmið menntunar*, frekar en að einblína aðeins á efnahagsleg takmörk eða verkfærahyggju.

Hversu vel skólakerfi uppfylla hugmyndir á bak við símenntun er hægt að greina á þremur stigum: staka nemendur, skólann sem stofnun og skólakerfið.

Á stigi nemandans, **verða skólakerfin ekki aðeins að tryggja** að nemendurnir ljúki skólagöngu sinni, heldur einnig **að næra þá getu sem nemendurnir þarfnast á fullorðinsárum**. Að því leyti sem lok framhaldsskóla veitir grunn undir símenntun, hefur framvindan verið hvetjandi. Í flestum OECD ríkjum lýkur langstærstur hluti ungs fólks skóla með framhaldsskólamenntun. En hvers konar hæfni og eðlisfar hefur það öðlast með þeirri menntun? PISA könnunin hefur rannsakað að hvað miklu leyti það fólk býr yfir þeirri lykilþekkingu og hæfni sem það þarfnast á fullorðinsárum. Niðurstöður sýna að enn er langt í land. Til dæmis getur að minnsta kosti þriðjungur nemenda í mörgum ríkjum ekki leyst af hendi hóflega flókin lestrarverkefni; en sú hæfni er lífsnauðsynleg til símenntunar.

Samt **verður maður einnig að líta á útkomu úr menntun á breiðari grunni, ekki einungis vitræna færni**. OECD-verkefnið 'Skilgreining og val á getu' (Definition and Selection of Competences (DeSeCo)) hefur borið kennsl á þrjár gerðir getu sem þörf er á á fullorðinsárum: að geta notað þekkingartengd verkfæri, þar með talið tungumál og tækni; að geta haft áhrifarík samskipti við annað fólk; og að geta beitt sig sjálfstjórn. Þó að ekki sé alltaf hægt að mæla þessa getu á nákvæman hátt, hefur PISA gefið nokkrar vísbendingar um hvort skólanemendur séu vel undirbúnir undir símenntun á mismunandi vegu. Ein mælanlega hliðin á **sjálfstjórn** er að hve miklu leyti nemendur stjórna námi sínu; og eru þeir sem það gera líklegri til að standa sig vel í skóla. **Hvatningarmegin**, eru niðurstöðurnar örvandi, þar sem þær sýna að flestum 15 ára nemendum finnst sem þeir „séu á réttum stað“ í skólanum, þrátt fyrir að marktækum minnihluta finnist það ekki. Áberandi er, hvað lýtur að þessum vísbendingum, að í sumum ríkjum þar sem nemendur sýna góða frammistöðu, líður tiltölulega mörgum illa í skólanum, og það gæti dregið dilk á eftir sér þegar skoðaðar eru líkur þess að þeir haldi áfram að læra seinna.

Annað stigið, þar sem meginreglur símenntunar eiga við, eru **skólarnir**, sem **þurfa að verða lærdómsstofnanir, með nemendurna sem miðpunkt námsins**. Þetta felur ekki aðeins í sér vilja kennara til að læra og breyta, heldur einnig skólastýrða nýbreytni sem breytir námsmenningu. Þetta krefst þess að menntun líki eftir aðstæðum sem hafa gert nýsköpun kleift að heppnast annarsstaðar. Slíkt gæti verið beiting rannsóknarþekkingar. Annað er samvinna sérfræðinga við að finna nýjar leiðir til að gera hlutina, sem krefst betri samtaka kennara og þess að kennarar séu hvattir til að vinna saman. Hið þriðja er sköpun „eininga-“ kerfis í nýsköpun sem samtímis leyfir staðbundinn mismun og tengir staðbundna nýsköpun við aðra hluta kerfisins. Lokahnykkurinn á nýsköpun er áhrifarík notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni. Hvað allt þetta varðar eru hindranir á breytingum í menntun, en samt er möguleiki á framvindu.

Að lokum, á kerfisstiginu, þarfnast símenntun tengingar milli skóla og annars þess sem lýtur að menntun og þjálfun fólks á lífsferlinum. **Lykilatriði hér er hvort áframhaldandi útpensla grunnmenntunar sé endilega æskileg**. Þó að hún veiti góða undirstöðu undir símenntun, er hún hugsanlega meiri „framhlaðnings-“ menntun en áður. Það er engin ein lausn á þessari ráðgátu, en ríki þurfa að hugsa vandlega um tímasetninguna þegar tækifærin eru til taks. Þegar komið er upp fyrir grunn-

framhaldsskólamenntun gæti leikvöllurinn þurft að vera sléttari til að styðja við tækifæri til lærdóms á mismunandi aldri.

Skattlagning og símenntun

Það fyrirkomulag sem gerir fólki kleift að halda áfram að læra er enn vanþróað. Sérstaklega eru þættir sem gera það efnahagslega tilvinnandi að fjárfesta í námi, og sem tryggja að fjárhagsleg geta til að gera svo sé til staðar, oft veikburða þegar upp fyrir grunnám er komið. **Mögulega er skattastefna ein leiðin til að styrkja þessa fjárhagslegu og efnahagslegu hvatningu.** Þó að skattlagning hafi eigi að síður verið notuð til að hafa áhrif á aðra fjárfestingu, hefur hún aðeins í einstökum tilfellum verið notuð viljandi til að hafa áhrif á símenntun. Þetta þýðir ekki að hún hafi engin áhrif. Samt sem áður hafa þessi áhrif almennt verið óviljandi frekar en áformuð.

Rökin fyrir því að nota skattlagningu, ásamt öðrum efnahagslegum tækjum, til að hafa áhrif á fjárfestingu í námi eru þau að ávinningur námsins skiptist milli samfélagsins, atvinnurekenda og einstaklinga: Þar af leiðandi leiða óstudd einkaútgjöld vegna náms til óhagstæðra fjárfestinga. Samt er fullorðinsfræðsla, ólíkt grunnmenntun, í besta falli mismikið styrkt af ríkinu. Hvernig er hægt að deila kostnaðinum á kerfisbundnari hátt? Nýlegar umræður innan OECD um núverandi ráðstafanir til samfjármögnunar leiddu í ljós að skattastefna er felld inn í margar slíkar fyrirætlanir, hvort sem það er viljandi eður ei. Það ögrandi viðfangsefni sem borin voru kennsl á á nýlegri OECD ráðstefnu er að gera slíkar nálganir kerfisbundnari milli ríkisstjórna, með virkri samvinnu fjármálaráðuneyta.

Skattkerfi hafa margháttuð markmið. Það fyrsta er að afla peninga til opinberrar eyðslu án þess að bjaga efnahaginn óþarflega mikið; en það að stuðla að starfsemi til félagslegra hagsbóta getur einnig verið þýðingarmikið. **Skattastefna getur haft áhrif á fjárfestingu í símenntun um tvo meginfarvegi:**

- Fyrst, í gegnum skattlagningu tekna af sölu fræðsluþjónustu. Ef litið er á nám sem fjárfestingu ætti að vera markmið að tryggja að þær tekjur séu skattlagðar á sama hátt og aðrar fjárfestingar til að viðhalda hlutleysi. Þetta útheimtir einnig að allir sem veita þjónustuna séu skattlagðir jafnt. Ein algengasta leiðin til að brjóta þessa reglu er að skattleggja fræðsluþjónustu sem veitt er af stofnunum sem reknar eru í hagnaðarskyni, en ekki þá sem veitt er af opinberum aðilum og öðrum aðilum sem ekki eru að veita þá þjónustu í hagnaðarskyni.
- Í öðru lagi, gegnum skattalega meðferð *tilkostnaðar* við fjárfestingu í námi. Það eru margar leiðir til að draga eyðslu einstaklinga og fyrirtækja í fræðslu frá skatti. Samt sem áður er erfitt að fá fram hlutlausan stuðning allra. Algengt mynstur er að hygla námi fyrir núverandi atvinnu á kostnað framtíðaratvinnu (samt sem áður er verið að draga úr þessu í sumum tilfellum), að hygla frekar mælanlegri starfsemi í kennslustofu á kostnað lærdóms í vinnunni; og að hygla eyðslu fyrirtækja á kostnað eyðslu einstaklinga. Ennfremur eru skattaávilnanir meira virði fyrir betur stadda einstaklinga og fyrirtæki – þá sem eru með tiltölulega háa jaðarskatta.

Endanleg áhrif skattalegrar hvatningar til náms geta því verið mjög breytileg, þess þá heldur vegna þess að í sumum tilfellum geta burðargetuáhrifin orðið mikil. Nettó niðurstaðan af þessari frekar handahófskenndu og ósamkvæmu beitingu skattastefnu á símenntun er að skapa blandaðar og ósamkvæmar bendingar. Skattayfirvöld í mörgum ríkjum eru enn treg til að takast á við þetta mál á kerfisbundnari hátt. Nú er þörf á að mennta- og fjármálaráðuneyti geri úttekt á skattameðferð fræðslutengdra útgjalda og tekna, meti áhrif hennar á fjárfestingu í mannauði, og íhugi hvort lagfæra þurfi stefnuna.

Atriðin hér að ofan má skýra með því að fara yfir núverandi skattastefnu og nýlega þróun í þremur ríkjum. **Í Austurríki** er víðtækur frádráttur frá virðisaukaskatti fyrir hendi þeim til handa sem bjóða upp á fræðslu og margar skattaívilnanir eru fyrir hendi fyrir einstaklinga og fyrirtæki fyrir sérstaka flokka þjálfunarkostnaðar. Nýlega hefur orðið aukning á eftirsóttum námsleiðum þar sem einstaklingar geta gert tilkall til ívilnana frá tekjuskatti. **Í Finnlandi** er frádráttur frá tekjum takmarkaður við ákveðna tilgreinda veitendur. Markmiðið útgjaldamegin er að taka með alla starfsemi sem stuðlar að getu fólks til að auka tekjurnar í framtíðinni. Hins vegar er erfitt að framfylgja þessari reglu stöðugt. Nefnd sem skipuð var af fræðsluyfirvöldum hefur skýrt stefnu um tilkostnað atvinnurekenda. **Í Hollandi** hafa yfirvöld verið sérstaklega virk upp á síðkastið við að nota skattastefnu til að ýta undir sterkan stuðning ríkisstjórnarinnar við fjárfestingu í mannauði. Á síðasta áratug hafa þau innleitt frádrátt til að auka hvatningu til atvinnurekenda til að fjárfesta í námi, til að hvetja til þjálfunar fyrir ákveðna markhópa, og til að hvetja einstaklinga til að spara í fræðslutengdum tilgangi. Síðan í efnahagsþrýstingnum 2002 hafa samt sem áður verið uppi efasemdir um gagn sumra ráðstafana, og breytingar á forgangsröðun hafa neytt ríkisstjórnina til að hætta við sumar af þessum ráðagerðum.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

